



**Ársskýrsla**  
*Byggðasafns Skagfirðinga*  
**fyrir 2005**



*Roðskór með illeppum*

© Byggðasafn Skagfirðinga

Mynd á forsíðu er af roðskóm sem Örlygur Hálfánarson gaf safninu ásamt mörgum öðrum merkisgripum um leið og hann lét Skagfirðingum eftir allt myndasafn sitt. Um leið og Örlygur afhenti okkur myndasafn sitt gaf Helgi Schweitzer, sonur Bruno Schweitzer, myndasafn föður síns og muni sem tengdust ferðalögum hans um Ísland og verður þessum höfðingjum seint fullþakkað fyrir. Myndirnar eru varðveittar í ljósmyndasafni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga en munirnir í byggðasafninu.

## Inngangsorð

Það skipti miklu máli fyrir starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga árið 2005 að eigendur þess, sem eru Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur, juku fjármagn til safnsins nóg til þess að hægt var að stíga yfir erfiðan þröskuld, sem lengi hefur verið í sigtinu, en það var að koma upp almennilegri safngeymslu og aðstöðu til rannsókna. Þótt ekki væri um stórupphæð að ræða þá gaf hún svigrúm til að útbúa geymsluna í Minjahúsinu á Sauðárkróki þannig vel á að fara um safngripi okkar til framtíðar. Aðgerðum við geymsluna er þó ekki lokið því eftir eru nokkur fjárfrek verkefni: vatnsúðunarkerfi, eldtefjandi skilveggir og loft og nýr uppgangur. Því er ekki að leyna að án stuðnings Fjárlaganefndar Alþingis og Safnasjóðs á þessu ári og Menntamálaráðuneytisins árið áður hefði þetta ekki tekist.

Það er grundvallaratriði fyrir starfsemi safnsins, eins og annarra stofnana, að fjárframlag til þess sé í samræmi við þarfir þess, markmið og væntingar og gefi helst kost á að hliðra lítið eitt til eftir stöðu verkefna. Það kemur sér a.m.k. vel til sérverkefna, sem opinberir sjóðir styrkja, sem stundum eru aðeins brot af heildarkostnaðinum og jafnvel bundnir skilyrðum um að ljúka ákveðnum áföngum. Að þessu sögðu er ekki þar með sagt að verra sé að fá litla styrki en enga því án styrkja yrði lítið um nýjar aðgerðir, ný verkefni og aðra nýsköpun sem safninu er nauðsynlegt til framþróunar, nema safneigendur geti aukið fjármagn til aðgerða eins og nú var gert. Safnið er ekki rekin í hagnaðarskyni og starfsemi þess er lögbundin sem veldur því að það er mjög háð framlagi eigenda þess. Það er þess vegna mikill léttir fyrir starfseminu að geta fjármagnað stóran hluta hennar með sértekjum og munar þar mestu um styrki og aðgangseyri að sýningum safnsins, sem er yfir 50% af rekstrafé þess. Fornleifadeild safnsins er ekki þar með talin enda er hún sjálfstæð rekstrareining með aðskilin fjárhag frá annarri starfsemi safnsins.

Það einkenndi starfið á árinu að það hefur aldrei verið fleira starfsfólk við safnið og það hafa aldrei heimsótt okkur fleiri gestir. Megin áhersla var lögð á vinnu í geymslunni í Minjahúsinu, móttöku gesta og endurskoðun og útgáfu alls kynningarefnis. Stefna safnsins var tekin til endurskoðunar á árinu og stutt er að bíða þess að hún líti dagsins ljós í nýrri gerð. Stefnu safnsins þarf að endurskoða á fimm ára fresti og sníða að fyrirsjáanlegum breytingum á áherslum í safnastarfseminni og menningartengdri ferðapjónustu, sem safnið styður og tekur þátt í. Einnig þarf að taka tillit til stefnumótunar sveitarfélagsins og breytinga í starfsemi annarra opinberra safna, s.s. norðlenskra byggðasafna og sérsafna.

Efni skýrslunnar er kynnt á næstu síðu og hægt er að velja skoðunarverða kafla að vild. Skýrslan skiptist í tvo efnisþætti, þ.e. um starfsemi byggðasafnsins annars vegar og um starfsemi fornleifadeildar hins vegar.

<b>Efnisyfirlit</b>	
Inngangsorð .....	2
<b>I Starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga.....</b>	<b>4</b>
Gestir .....	4
Starfsfólk.....	4
<i>Samstarfsfólk.....</i>	5
Miðlun, þ.e. útgáfa, sýningar, námskeið og annað .....	5
<i>Sýningar .....</i>	5
<i>Útgáfa.....</i>	7
<i>Á veraldarvefnum.....</i>	8
<i>Safnadagurinn tókst vel .....</i>	8
Erindi, námskeið, safnfræðsla .....	9
Söfnun .....	10
<i>Þjóðhættir .....</i>	11
<i>Aðrar gjafir .....</i>	11
<i>Lánaðir safngripir .....</i>	12
Húsakönnun .....	12
Viðgerðir í Glaumbæ .....	12
Umhverfisverðlaun .....	13
Styrkir .....	13
Samvinna .....	14
Annað.....	14
Megin verkefni 2006 .....	15
<b>II Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga.....</b>	<b>16</b>
Starfsemi 2005 .....	17
Starfsfólk.....	17
Styrkir .....	18
Fornleifarannsóknir 2005 .....	19
<i>Hólarannsóknin .....</i>	19
<i>Fornleifarannsókn í Kolkuósi.....</i>	20
<i>Fornleifauppgröftur í Glaumbæ .....</i>	21
<i>Kirkjugarður frá því fyrir 1104 í Finnstungu í Blöndudal .....</i>	21
<i>Úrvinnsla og greining beina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.....</i>	22
<i>Fornleifarannsókn i tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar .....</i>	22
Fornleifaskráningar 2005.....	22
<i>Fornleifaskráning í Skagafirði .....</i>	22
<i>Fornleifaskráning Reynistaðar og Þingeyra.....</i>	23
Heimildaskráning fornleifa í Vopnafirði.....	23
<i>Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Steinsstaða í Hafnarfirði.....</i>	23
<i>Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ.....</i>	23
<i>Fornleifaskráning á Suðurlandi .....</i>	23
<i>Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda .....</i>	23
Framkvæmdaefirlit .....	24
<i>Hitaveituframkvæmdir í Akrahreppi .....</i>	24
Norrrænt tengslanet.....	24
Kynning og miðlun.....	25
Kennsla og fyrirlestrar á vegum fornleifadeildar .....	25
Sýningar .....	26
Útgáfa.....	26
Skýrslur sem Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga gaf út 2005:.....	26
<i>Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi .....</i>	27
<i>Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi.....</i>	27
<i>Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði .....</i>	27
Skýrslur gefnar út í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga 2005:.....	27
<i>Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Nýjabæjar .....</i>	27
<i>Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Lækjamóta í Árborg .....</i>	27
<i>Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Reyðarvatns .....</i>	27
<i>Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Efra-Langholts.....</i>	27
Verkefni framundan.....	28

## I Starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga

Sigríður Sigurðardóttir

### Gestir

Aðsókn gesta að safnsvæðinu í Glaumbæ hefur aldrei verið meiri. Gestum fjölgaði um rúmlega eitt þúsund á milli ára. Í árslok 2005 var tala þeirra sem höfðu farið inn í gamla bæinn í Glaumbæ 24157, en samkvæmt talningu síðast liðin tvö ár láta 15-20% gestanna duga að taka myndir af bænum eða fá sér kaffisopa í Áskaffi. Ef allir væru taldir með má gera ráð fyrir að um 28 þúsund gestir hafi komið við í Glaumbæ á árinu. Gestir á sýningum í Minjahúsinu á Sauðárkróki voru 1438. Til viðbótar komu um 250 manns eingöngu í leit að upplýsingum, því í húsinu er upplýsinga-



athvarf frá Upplýsingamiðstöðinni í Varmahlíð. Gestir á sýningunni: *Annað land - Annað líf, Vesturheimsferðir 1874-1915*, í Vesturfarasetrinu á Hofsósi voru um 4500. Að samanlögðu voru því gestir á sýningum safnsins á þessum þremur stöðum yfir 30 þúsund talsins. Áshúsið var opið helgina 10. - 11. desember og boðið upp á heitt súkkulaði og rökkurgöngu í gamla bæinn. 123 gestir sóttu þá dagskrá.

### Starfsfólk

Við safnið unnu 11 manns á árinu, um lengri eða skemmri tíma og þrír starfsmenn voru á Fornleifadeild Byggðasafnsins, auk fjölda sérfræðinga sem komu að ýmsum rannsóknum. Níu sumarráðnir safnverðir sáu um móttöku gesta og fleiri verkefni. Þau voru: **Valgerður Guðrún Valdimarsdóttir** fjölbrautaskólanemi Vallanesi, **Aldís Rut Gísladóttir** fjölbrautaskólanemi Glaumbæ, **Pálmi** og **Ágúst Sigurjónssynir** menntaskólanemar Hjarðarhaga og **Steinunn Ósk Guðmundsdóttir** grunnskólanemi Stóru-Seylu, en hún hóf störf í Glaumbæ sem vinnuskólanemi og sá þá um hirðingu lóðar og vökvun bæjarþaka.

**Þórhildur Gísladóttir** í Varmahlíð nemi í félagsfræði HÍ var sameiginlegur starfskraftur Upplýsingamiðstöðvarinnar í Varmahlíð og byggðasafnsins. Hún vann við móttöku gesta og gæslu í Glaumbæ og í sérverkefni sem var samvinnuverkefni Héraðsskjalasafnsins og Byggðasafnsins og fól í sér að undirbúa og hefja húsakönnun í Skagafirði, en til þess fengu söfnin styrk úr Húsafríðunarsjóði. Gísli Þór Ólafsson starfsmaður Héraðsskjalasafns vann með henni í því verkefni.

**Eiríkur Valdimarsson** í Vallanesi nemi í þjóðfræði við HÍ vann við móttöku gesta og gæslu í Glaumbæ og Minjahúsinu á Sauðárkróki og var auk þess í sérverkefni með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verkefnið fólst í því að þróa símaleiðsögn til að miðla upplýsingum til ferðamanna um minjar og sagnir sem tengjast slóðum Sturlunga á 13. öld. Með honum var

Jón Þór Bjarnason nemandi á Ferðamálabraut Hólaskóla en verkefnið var unnið með leiðsögn þaðan og frá Fornleifavernd ríkisins.

**Anna Lilja Pétursdóttir** í Varmahlið nemi í sálfræði við HÍ var í hlutastarfi, ráðinn við að skrá minjar inn á gagnagrunninn Sarp sem miðlægur gagnagrunnur fyrir söfn landsins.

**Sigrún Fossberg Arnardóttir** leikskólakennari sá um móttöku gesta og gæslu í Minjahúsinu á Sauðárkróki í sumar og var ráðin safnkennari í hlutastarf frá og með 1. september 2005 til reynslu allt skólaárið. Hún hefur aðstöðu í Arsskóla þar sem hún er að kenna grunnskólabörnum.

**Guðmundur Stefán Sigurðarson** heimspekingur og fornleifafræðinemi, Kringlumýri, vann við safnstörf fyrri hluta ársins en fór svo í ýmis verkefni fyrir fornleifadeildina.

**Sigríður Sigurðardóttir**, sagnfræðingur, kennari, Stóru-Ökrum er safnstjóri.

Sjá umfjöllun um starfsfólk fornleifadeildarinnar á bls. 18.

### *Samstarfsfólk*

Nánasta samstarfsfólk starfsmanna safnsins, þau sem mest og oftast tóku til hendinni fyrir safnið og svo samtengd starfsemi safnsins að án þeirra hefði árið farið allt öðru vísi, voru:

**Auður Herdís Sigurðardóttir** Sauðárkróki rak kaffistofuna Áskaffi. Haldið var upp á tíu ára afmæli kaffistofunnar í sumar, en hún var opnuð í júní árið 1995. Í tilefni tímamótanna gaf safnið út lítinn upplýsingabækling um kaffistofuna og kaffibrauðið þar sem kynnt er saga þess sem í boðið er og tengt við sýningar á efti hæð hússins. Hjá Herdís unnu í sumar **Tinna Ingimarsdóttir**, **Valborg Hjálmarsdóttir**, **Hanna Björg Hauksdóttir** og **Sigríður Magnúsdóttir**.

**Sigmar Jóhannsson** Lindabæ er yfirhirðir safnlóðarinnar í Glaumbæ og með honum Helga kona hans. Lóðarhirðinginn er vandasamt verk sem þau hafa sinnt með stakri þrýði og er hún sannarlega í góðum höndum. Það var því mjög ánægjulegt að störf þeirra voru metin að verðleikum er lóðin var valin best hirta stofnanalóðin í sveitarfélaginu árið 2005.

**Helgi Sigurðsson** Stóru-Ökrum, **Gunnar Gíslason** Glaumbæ og **Stefán Benediktsson** Siglufirði sáu um viðgerðir og viðhald gamla bæjarins í Glaumbæ og **Halldór Einarsson** Sólheimum og **Sigurður Einarsson** Kúskerpi tóku ofan af og tyrfðu fornleifarannsóknarsvæðið í Glaumbæ.

**Ragnar Páll Árdal** vinnuskólanemi Sauðárkróki aðstoðaði safnverði við umhirðu í Minjahúsinu á Sauðárkróki fyrri part sumars.

**Unnar Ingvarsson** héraðsskjalavörður, forstöðumaður Safnahússins á Sauðárkróki var í margvíslegu samstarfi við starfsfólk byggðasafnsins við gerð sýninga og umsjón þeirra, heimildaöflun, húsakönnun og fleira.

### **Miðlun, þ.e. útgáfa, sýningar, námskeið og annað**

#### *Sýningar*

*Efnið og andinn*, var kölluð yfirlitssýningin á útsaumsverkum Guðríðar B. Helgadóttur í Safnahúsinu á Sauðárkróki 29. janúar - 19. febrúar. Sýningin

var samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga og Héraðskjalasafns Skagfirðinga.<sup>1</sup>

**Glögg er gests augað - Íslandsmyndir ferðlanga frá fimm löndum,** kallaðist sýning sem opnuð var þann 19. júní í Minjahúsinu á Sauðárkróki. Það var ljósmynda- og munasýning sem Héraðsskjalasafn Skagfirðinga stóð fyrir í samstarfi við Byggðasafnið. Meginefni sýningarinnar var stórmerkilegar ljósmyndir og teikningar fimm erlendra og innlendra ferðlanga sem ferðuðust um Ísland á tímabilinu 1836-1976 og munir úr Skagafirði og frá ljósmyndurunum sem Örlygur Hálfðánarson gaf Skagfirðingum. Sömu leiðis gaf Helgi Schweitzer, sonur Bruno Schweitzer, myndasafn föður síns og muni sem tengdust ferðalögum hans um Ísland. Á sýningunni voru einnig tinstjakar frá 1694 sem fengnir voru að láni úr Hofstaðakirkju, en



Myndirnar voru settar þannig upp að þær voru eins og lagðar inn í opin „myndaalbúm“.



þeir stóðu í glersturni með gömlum kórþilsfjöllum (*myndin hér til hliðar sýnir hluta af kórþilsfjöl*) úr kirkjunni er stóð á Hofsstöðum frá 1832-1905, sem Jón Samsonarson smiður í Keldudal smíðaði og voru meðal þeirra muna sem Örlygur afhenti safninu. Í Minjahúsinu var og er önnur megin sýning Byggðasafnsins sem ber heitið **Gömlu verkstæðin** þar sem sýndur er aðbúnaður iðnaðarmanna á fyrstu áratugum iðnvæðingar í íslensku þéttbýli. Í Minjahúsinu var einnig kynning á Hólarannsókninni og sýndir munir sem komið hafa úr jörðu á Hólum, Kolkuósi og Keldudal. Auk sýninganna var sett á fót upplýsingaathvarf fyrir ferðamenn í Minjahúsinu í samvinnu við Upplýsingamiðstöðina í Varmahlíð.

**Leikföng úr hornum og beinum - Barnagull** var kölluð sýning sem sett var upp í Reiðhöllinni Svaðastöðum dagana 19. - 21. ágúst, á fyrstu landbúnaðarsýningunni sem þar var haldin. Sýningin var unnin í samstarfi við

<sup>1</sup> Byggðasafn Skagfirðinga er skammstafað BSk og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga er skammstafað HSk. Þessar skammstafanir eru oft notaðar hér í skýrslunni eftirleiðis til að stytta málið.



Póreyju S. Jónsdóttur í Keflavík í þeim tilgangi að útskýra hlutverk og þýðingu leikfanga úr hornum og beinum fyrr á tíð og til að gefa smáfólkinu á landbúnaðarsýningunni tækifæri til að kynnst því af eigin raun hvernig var að leika sér í búleik, hornaleik og nota heimaefingin leikföng eins og í gamla daga.

*Sýningarhornið á Landbúnaðarsýningunni á Svastöðum þar sem börnum var boðið upp á að leika sér að hornum og beinum var vel nýtt og það kom mörgum á óvart hve mikinn áhuga börnin sýndu þessum frumstæðu leikföngum.*

**Handaverk Löngumýrarmeyja.** Sett var upp sýning á Löngumýri í tilefni aldar afmælis Ingibjargar Jóhannsdóttur á Löngumýri, þann 6. nóvember 2005. Á sýningunni voru sýnishorn þrjónaðra og saumaðra barnafata og gömul verkfæri eins og saumavél, þrjónavél, pressujárn og straubretti úr tré frá fyrstu árum kvennaskólans á Löngumýri.

**Sýning á gömlum skólamunum** var sett upp í tilefni 30 ára afmælis Varmahlíðarskóla þann 19. nóvember. Safnstjóri aðstoðaði starfsfólk skólans við uppsetninguna og lánaðir voru nokkrir gamlir skólamunir af safninu á sýninguna.

Safnstjóri vann við **sýningargerð** fyrir Þjóðmenningarhúsið í Reykjavík um Fyrirheitna landið mormónanna um miðja 19. öld, en það er sýning sem áður var í Vesturfarasetrinu á Hofsósi.

Bútasaumsfólk og rennismiðir fengu **afnot af sýningarsal** Minjahússins um sæluvikuna og sýndu þar nýtt og spennandi handverk sem fólk hafi mikinn áhuga á, ef dæma má af aðsókninni, en á sýningu þeirra komu 555 gestir.

### Útgáfa

Allir einblöðungar safnsins voru endurnýjaðir. Gefinn var út bæklingur um kaffibrauð og kökur í Áskaffi, á íslensku, og um 19. aldar timburhúsi tvo, á ensku, þýsku og íslensku.






Bæklingur var gefinn út, á íslensku, ensku og þýsku, þar sem stiklað er á starfsævi Bjarna Haraldssonar verslunarmanns og starfsemi Verslunar Haraldar Júlíussonar og „gamla” skiltið var sett upp. Athygli skagfirskra gesta var sérstaklega beint að versluninni með auglýsingum og ýmsum öðrum hætti.

Fyrstu smáritin frá I - V voru endurskoðuð og gefin út með rafrænum hætti á heimasíðu safnsins: [www.skagafjordur.is/byggdasafn](http://www.skagafjordur.is/byggdasafn) - Gagnabanki.

- I Þróun torfbæja
- II Kvenfélög við aldahvörf
- III Kirkjur í Skagafirði
- IV Gamlir byggingahættir
- V Eldamenska í torfbæ

Byggðasafn Skagfirðinga var meðútgefandi með Húsafriðunarnefnd ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofu og Þjóðminjasafn Íslands að 5. og 6. bindi í ritflokknum Kirkjur Íslands, en þessi bindi ritflokksins fjalla um friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi. Þar er lýst gerð og sögu kirknanna og fjallað um flesta kirkjugripi, sögu þeirra og hlutverk. Skagfirsku kirkjurnar eru samtals 24 og 17 af þeir eru friðlýstar með lögum, sem þýðir að þær eru byggðar fyrir 1918. Um þær er fjallað í þessum bindum. Sjö kirkjur eru yngri: Ábæjarkirkja (1921/1922), Mælifellskirkja (1924), Glaumbæjarkirkja (1926), Rípurkirkja (1925), Hofsóskirkja (1960), Flugumýrarkirkja (1930), Miklabæjarkirkja (1973). Búið er að taka saman yfirlit um kirkjugripi í Glaumbæjarkirkju og stefnan er að taka einnig saman skrá yfir gripi í þeim kirkjum sem eftir eru.



anna og fjallað um flesta kirkjugripi, sögu þeirra og hlutverk. Skagfirsku kirkjurnar eru samtals 24 og 17 af þeir eru friðlýstar með lögum, sem þýðir að þær eru byggðar fyrir 1918. Um þær er fjallað í þessum bindum. Sjö kirkjur eru yngri: Ábæjarkirkja (1921/1922), Mælifellskirkja (1924), Glaumbæjarkirkja (1926), Rípurkirkja (1925), Hofsóskirkja (1960), Flugumýrarkirkja (1930), Miklabæjarkirkja (1973). Búið er að taka saman yfirlit um kirkjugripi í Glaumbæjarkirkju og stefnan er að taka einnig saman skrá yfir gripi í þeim kirkjum sem eftir eru.

### *Á veraldarvefnum*

Heimasíða safnsins var endurnýjuð og hún fékk ný vefföng. Þau eru: [www.glaumbaer.is](http://www.glaumbaer.is) og [www.skagafjordur.is/byggdasafn](http://www.skagafjordur.is/byggdasafn)

### *Safnadagurinn tókst vel*

Sunnudaginn 10. júlí var íslenski safnadagurinn og sýningar í Glaumbæ og Minjahúsinu á Sauðárkróki eru opnar eins og aðra daga, en í tilefni dagsins var boðið upp á ýmislegt fleira en venja er. Í Glaumbæ hófst dagskráin á því að séra Gísli Gunnarsson var með stutta helgistund í kirkjunni og Guðný Zoëga sagði frá fornleifarannsóknum sumarsins. Sigmar Jóhannsson sló gamla túnið í kring um bæinn á Kubbum sínum og þeir Borgar í Goðdölum slógu öskuhólinn með orfi og ljá. Borgar yngri og Gunnar vinur hans rökuðu heyinu. Simmi var búin að biðja um kvenmann til að raka úr ljáfarinu en þær sem kunnu best á hrífuna voru allar pilsklæddar og töldu ekki vogandi að treysta rokinu fyrir pilsum sínum, svo það var jafngott að Borgar og Gunnar mættu með hrífur til að bjarga málunum. Birgir á Seylu teymdi undir krökkum sem vildu fara á hestbak og Ágúst safnvörður spilaði á Áshússorgelið nokkur lög úr Fjárþókinni, sem svo eru kölluð. Sigríður



Magnúsdóttir var í Mjólkurbúrinu og sá um að rjóminn væri strokkaður til smjör, sem gestir safnsins sáu alfarið um undir styrkri leiðsögn og var ánægjan mikil þegar þeir sem strokkuðu gæddu sér á glænýju smjörinu með harðfiski og nýbökuðu rúgbrauði. Í hlóðaeldhúsinu buðu Aldís og Valgerður fólki að smakka hangikjöt og inni í baðstofu sýndi Margrét Ingvarsdóttir á Ytri-Mælifellsá hvernig brugðið er úr hrosshári. María og Kristín Helgadætur prjónuðu og hekludu og Steinunn kenndi fólki að spinna á snældu. Niður á túni gengu Ameríkanar<sup>2</sup> fram og til baka, í samtals 8 km sögðu þeir, á nokkur hundruð fermetra bletti, með jarðsjána sína, margir spurðu um hvaða uppátæki þetta væri, þegar fólk var orðið uppurið með hugmyndir. Í Víðimýrarkirkju tók Eiríkur á mót gestum, en safnverðir Byggðasafnsins leystu staðarhaldara á Víðimýri af við gæslustörfin af og til. Það komu nokkuð færri í Minjahúsið, en þar

var samt mikið um að vera. Ragnheiður Traustadóttir sagði frá Hólarannsókninni og fágætum forngrípum sem komið hafa úr jörðu á undanförunum árum, Bragi Skúlason sýndi handbrögð og áhöld við smíðavinnu, sem og Ingólfur Sveinsson sem sagði frá verkstæðunum og mörgu skemmtilegu af Sauðárkróki. Unnar Ingvarsson sagði frá myndum og myndefni á sýningunni *Glöggt er gests augað* og margt fleira var skrafað.

### Erindi, námskeið, safnfræðsla

Safnstjóri hélt fyrirlestur um hjátrú á námskeiði á vegum Háskólans á Hólum fyrir nemendur frá Guelph háskóla í Kanada og um torfhleðslu í vettvangsskóla Hólarannsóknarinnar og á námskeiði, sem haldin var á Hólum fyrir nemendur sem stunda nám í fornleifafræði við Oslóarháskóla.

Safnstjóri hélt erindi í tilefni 80 ára afmælis Rípurkirkju, sem haldið var upp á þann 21. ágúst sl. og einnig á aldar afmæli Hofsstaðakirkju, sem haldið var upp á þann 4. september.

Safnstjóri sat í farskólanefnd Félags íslenskra safna og safnmanna sem haldin var á Dalvík og Siglufirði í september. Þar var fjallað um framtíð íslenskra safna og sameiginlegar niðurstöður þeirra eitthundrað safnmanna sem sóttu skólann má lesa á vefslóðinni [www.safnmenn.is](http://www.safnmenn.is)

<sup>2</sup> Hópur bandarískra sérfræðinga sem unnið hefur við jarðsjárrannsóknir í Skagafirði undanfarnir sumur og hafa fengið aðstoð frá starfsfólki byggðasafnsins og húsnæði og aðstöðu hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Rannsóknir þeirra hafa leitt í ljós marga jarðlæga, áður óþekkta minjastaði og til samstarf um rannsóknir, s.s. í Glaumbæ sl. sumar.

Margir hópar grunn- og framhaldsskólanema komu í heimsókn til að fá fræðslu um safnið og sögu héraðsins og nemendur voru heimsótti m.a. var haldið erindi á þorrablótí hjá nemendum Árskóla í Árvist – um matarílát og mat í gamla daga. Sigrún Fossberg tók á móti 110 nemendum í Minjahúsinu frá október til desember og sagði þeim frá verkstæðunum, hvernig var að búa á Króknum um og fyrir 1950 og frá ljósmyndum og teikningum á sýningunni *Glöggt er gests augað*.

Nemendur leiðsögumannaskólans komu við í 10. sinn í hringferð sinni um landið og fengu fyrirlestur um sögu og stöðu safnsins, tilgang þess og birtingarform.



*Útskriftar börn frá Leikskólanum í Birkilundi í Varmahlíð í heimsókn í Glaumbæ, sem hefur verið árviss atburður frá stofnun leikskólans. Grunn- og framhaldsskólanemendur heimsækja okkur í Glaumbæ allt árið um kring. Ljós. Steinunn Arnljótsdóttir.*

Unnið er að gerð **vefsjár** með Hólarannsókninni. Vefsjáin verður fyrir almenning, til að skoða fornleifar, sögustaði, örnefni, göngu- og reiðleiðir og fleira. Hægt verður að skoða vefsjána á netinu og á tölvuskjám í Upplýsingamiðstöðinni í Varmahlíð, Minjahúsinu á Sauðárkróki og Hólum í Hjaltadal sumarið 2006 ef allt gengur eftir áætlun.

### Söfnun

Um hálf tannað hundrað gripa bárust til safnsins á árinu. Um eitt hundrað voru skráðir í aðfangabók safnsins, en afgangurinn var settur á svokallaðan biðlista og verða varðveittir. Það skapast af tvennu: margir gripa sem berast eru að yfirfylla ákveðna söfnunarflokka og nokkrir gripanna falla tæplega undir söfnunarstefnu safnsins, nema breytingar verði á gerðar í framtíðinni.

Safnstjóri er í samstarfsnefnd byggðasafna á Norðurlandi, um söfnun og vörslu samtímaminja, sem mun væntanlega hafa áhrif á hvað safnað verður

úr þeim stóra og erfiða söfnunarflokki þar sem ýmsar fjöldaframleiddar iðnaðar- og tækniminjar eru í yfirgnæfandi meirihluta. Söfnunarstefna safnsins er í endurskoðun og mun taka mið af niðurstöður samstarfsnefndar safnanna.

Guðrún Gunnarsdóttir, Ingólfur Sveinsson, Bragi Hrólfsson, Helgi Schweitzer, Erla Halldórsdóttir, Hörður Ólafsson, Hörður Ingimarsson, Pálína Pétursdóttir, Örlygur Hálfánarson, María Helgadóttir, Lís Bang, Pétur H. Ólafsson, Sesselja og Barði Steinþórsson, Jón Hörður Elíasson, Skapti Steinbjörnsson, séra Sigfús J. Árnason, Sigurður Þorsteinsson, Stefán Benediktsson og fleiri gáfu muni á safnið. Flestir munanna voru af heimilum á Sauðárkróki, en einnig héðan og þaðan úr Skagafirði s.s frá: Hofsstöðum, Hafsteinsstöðum, Minni-Brekku, Krossanesi, Stóru-Ökrum, Víðimýri, Enni, Hlíð í Hjaltadal og víðar.



*Stefán Benediktsson í Minni-Brekku kom með tvö legsteina úr grágryti og rauðan myllusteina eftir Jakob Jónsson (Myllu-Kobba). Annar legsteinninn er burstalaga með áletrun í bak og fyrir og hafði Jakob hugsað sér að hann yrði settur á leiði sitt.*

*Að framan er: DROTENN / LATMIGDR / EIMAVELS / EMDIGGVNI / AKOPISRELP / EGARASTEIN / SÆTHANN SV / AFSÆLVÆRÐ. Það útleiggst: Drottinn láti mig dreyma vel sem dyggu(m) Jakopi sr el þegar á stein sætt hann svaf sæl værð.*

*Að aftan: HO / NUMNADPIN / GAF. Eða: Honum náð þín gaf. Hinn legsteinninn er ferhyrndur, nær flatur, með höggvið strik á brúnir og hefur vafalaust átt að vera tilbúinn til meiri vinnslu. Myllusteinar eru haglega höggvir og virðast ónotaðir. Steinarnir eru til sýnis í Glaumbæ.*

### ***Þjóðhættir***

Helga Bjarnadóttir, sem heldur utan um söfnun búháttar- og mannlíflýsinga, kom með viðtöl frá nokkrum heimildamönnum sem hún hefur unnið frá því síðast hún lagði inn viðtöl. Þau voru: Guðrún Stefánsdóttir og Gísli Jónsson Miðhúsum, Gísli S. Gíslason Mið-Grund og Sigurlína Magnúsdóttir Kúskerpi. Árni Bjarnason á Uppsölum sendi safninu samantekt um veðurfar og veðurboða í framanverðum Skagafirði.

### ***Aðrar gjafir***

Ásdís Vilhelmsdóttir velunnari safnsins, ættuð frá Hofsósi, sýndi starfsfólki safnsins vinarbragð er hún gaf safninu ryksugu sem festa má á bakið og ganga um óþvingað um búr og göng í stað þess að dragnast um með iðndarryksugu í hvert skipti sem þrifið er. Kaupfélag Skagafirðinga gaf safninu tvö notuð skrifborð og skjalaskápa sem nýtist vel fornleifadeild safnsins.

### Lánaðir safngripir

Púlt, blöð og fjaðurpenni voru lánaðir Grunnskólanum að Hólum, þegar nemendur þar voru að vinna mynd um átök Sturlungaaldar

Skólataska, pennastafur, pennastokkur, myndir, mælistokkur (lógaritmi), pappír, teikniblokk og fleira var lánað á sýningu sem sett var upp í tilefni afmælis Varmahlíðarskóla þann 19. nóvember.

Flekar af sýningunni *Annað land – Annað líf. Vesturheimsferðir 1870-1918* í Vesturfarasetrinu á Hofsósi voru lánaðir til sýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur.



Göngustaf Jóns Pálmasonar, með mynd af gæðingnum Stíganda eftir Ríkharð Jónsson, var skilað úr láni af sýningu sem var í anddyri Reiðhallarinnar Svaðastaða.

*Mynd Ríkharðs Jónssonar af gæðingnum Stíganda á staf Jóns Pálmasonar.*

### Húsakönnun

Á undanförunum árum hefur starfsfólk Byggðasafns Skagfirðinga og Héraðsskjalasafns Skagfirðinga lagt talsverða vinnu í rannsóknir sem tengjast sögu skagfirskra húsa, í þéttbýli og í dreifbýli. Rannsóknir af þessu tagi eru afar tímafrekar, einkum vegna þess að heimildir eru dreifðar og að mörgu leyti lítt aðgengilegar. Tilgangur slíkra rannsókna er fjölbreytilegur, allt frá viðamiklum rannsóknum, sem tengjast endurbyggingu eða endurgerð húsa, til stuttra greinargerða fyrir eigendur húsa eða afkomendur þeirra sem eitt sinn bjuggu þar. Í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar sem nú er í vinnslu er gríðarmikil vinna lögð rannsóknir á hinum dreifðu byggðum Skagafjarðar og að sjálfsögðu eru þá gögn safnanna nýtt, auk upplýsinga, ljósmynda og annarra gagna frá einstaklingum vítt og breytt um landið. Við þess vinnu verður til mikill banki upplýsinga sem auðveldar öflun upplýsinga um hús í Skagafirði og úrvinnslu þeirra. Í lok nóvember 2004 var ákveðið að sækja um styrk til Húsafriðunarnefndar ríkisins vegna vinnu við undirbúning húsakönnunar í Skagafirði. Fékkst styrkur til verksins sem gerði okkur kleift að ráðast í verkefnið með þeim hætti að söfnun heimilda og tölvuskráning er komin vel á veg.

### Viðgerðir í Glaumbæ

Í vor var borinn skítur á öll þök gamla bæjarins og í sumar var gert við þak á Norðurbúri. Bæði vor og haust var dittað að bænum, troðið í gáttir og göt og hlaðið ofan á veggj á nokkrum stöðum. Gler var skorið í glugga baðstofunnar og UFO filmur settar á þau. Þetta gler mun gjörbreyta möguleikum

okkar til að verjast hættulegum geislum sólarinnar, sem upplitar allt og er smám saman að afmá öll litbrigði í textílum í baðstofunni.



*Blanda af skít, áburði og vatni var borin á þök bæjarins sem orðin voru fremur illa á sig komin eftir erfðan vetur og af áburðaskorti. Þau tóku vel við sér og vörðust sólinni þótt þurrt væri framan af sumri. Þökin þarf að vökva á hverjum degi, ef ekki er úrkoma, hvort sem borið er á þau eða ekki því annars skorpna þau og rifna og þá á vatn greiða leið inn í bæinn og skraufþurr þök tæstast upp og blása í burtu.*

### Umhverfisverðlaun

Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sóroptimistaklúbbur Skagafjarðar völdu safnlóðina í Glaumbæ best hirtu stofnanalóð sveitarfélagsins árið 2005. Verðlaun voru veitt á opnunaráttíð Landbúnaðarsýningar í Reiðhöllinni Svaðastöðum þann 20. ágúst s.l. Það var afar ánægjulegt því það er mikil vinna að halda vel við lóð þar sem 25-30 þúsund manns ganga um á þremur mánuðum.

### Styrkir

Safnið fékk ríflega 3 millj. kr. í styrki til ýmissa verkefna. Hér er ekki vikið að styrkjum sem Fornleifadeild safnsins naut enda er deildin algerlega fjárhagslega aðskilin frá annari starfsemi safnsins. Bent er á greinargerð deildarstjóra þar um, bls. 19.

**Húsafriðunarsjóður** styrkti samstarfsverkefni byggðasafns og skjalsafns um húsakönnun í Skagafirði um kr. 750 þús. Af þeim styrk fékk byggðasafnið kr. 250 þús. í sinn hlut.

**Fjárlaganefnd Alþingis** veitti byggðasafninu 1 millj. kr. til geymslunnar í Minjahúsinu á Sauðárkróki.

**Safnasjóður** veitti byggðasafninu 1,2 millj. kr. rekstrarstyrk, sem varið var til launa safnstjóra og 750 þús. kr. verkefnastykk sem fór í kostnað við innréttingar í geymslum í Minjahúsinu, sýningargerð og skráningar.

**Safnasjóður** styrkti einnig samstarfsverkefni fimm byggðasafna á Norðurlandi um 200 þús. kr. til að jafna ferða- og fundakostnað og var styrknum skipt jafnt milli safnanna sem eru: Byggðasafn Vestur-Húnavetninga og Strandamanna, Byggðasafnsins á Hvoli (byggðasafns Dalvíkinga og Svarfdæla), Minjasafnsins á Akureyri (byggðasafns Eyfirðinga), Byggðasafns Suður-Þingeyjunga. Ásamt Byggðasafni Skagfirðinga. Starfsmenn safnanna hafa með ýmsum hætti unnið að því markmiði að samstillta safnastefnur safnanna með tilliti til sérhæfðari minjasafna á starfssvæðum byggðasafnanna og gera sameiginlega áætlun um hvernig best er að haga söfnun samtímaminja sem er brýnasta verkefni byggðasafnanna um þessar mundir.

### Samvinna

Byggðasafnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum með stofnunum og félögum.

Með Hólaskóla: Um Hólarannsóknina, Sögusetur íslenska hestsins, staðarvarðanám, erindi og fyrirlestra.

Með Hólaskóla og Fornleifavernd ríkisins, sem fengu styrk til undirbúnings símaverkefnis sem tengist „sögurallinu“ *Á Sturlungaslóð* frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Safnið tengdist verkefninu þannig að einn starfmaður þess, Eiríkur Valdemarsson, vann hluta verksins.

Með Héraðsskjalasafni: Sturlungaslóð, um sýningar, húsakönnun og heimildasöfnun.

Með Vesturfarasetrinu: um sýningar og söfnun heimilda.

Með Sambandi skagfirskra kvenna: um þjóðháttasöfnun, sem Helga Bjarnadóttir sér um fyrir sambandið.

Með Þjóðminjasafni Íslands: um eftirlit með Glaumbæ og um Hólarannsóknina.

Með Húsafriðunarnefnd, Biskupsstofu, Þjóðminjasafni Íslands og Fornleifavernd ríkisins: um útgáfu ritraðarinnar Kirkjur Íslands.

### Annað

Safnstjóri er í stjórn Söguseturs íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal, [www.sogusetur.is](http://www.sogusetur.is).

Minjahúsið var málað að hluta, bæði sýningarsalur og framhlið hússins og borið var á glugga og hurðir.



Til gamans var efnt til spurningaleiks í Minjahúsinu í sæluvikunni. Reku og pál var stillt upp og spurt hvað þau hétu og til hvers notuð. Vinningurinn var hlaðborð fyrir fjóra í Áskaffi og miðar á allar sýningar safnsins. Vinningshafí var Regína Petra Tryggvadóttir, Sauðárkróki.

Þann 19. júní var opnað upplýsingaathvarf í Minjahúsinu, í samvinnu við Upplýsingamiðstöðina í Varmahlíð. Það fór rólega af stað en almennt var ánægja með þetta framtak.

Minjasafn Kristjáns Runólfssonar var flutt burt úr Skagafirði og er nú til húsa í Hveragerði. Byggðasafnið gaf eiganda þess glerturnana sem notaðir höfðu verið undir muni safnsins á sýningunni í Minjahúsinu.

### **Megin verkefni 2006**

1. Sýning í Minjahúsinu um árangur fimm ára fornleifarannsókna, 2000-2005, í Skagafirði.
2. Vinna að því að fullkomna geymsluaðstöðuna, s.s. hönnun vatnsúðunarkerfis, og byggja upp forvörslu- og rannsóknaraðstöðuna.
3. Vinna að vefsíðu um fornleifarannsóknir og sögustaði í Skagafirði (staðsetning: Varmahlíð, Sauðárkrúkur, Hólar).
4. Vinna að DVD útgáfu af Söguslóð frá Skagafirði til Siglufjarðar.
5. Vinna áfram að Sturlunguslóðinni.
6. Minningardagskrá um Mark Watson, á aldarafmæli hans (2006).
7. Forgangsráða safngripum til viðgerða.
8. Ljúka safnastefnu til ársins 2009.
9. Vinna skipulag fyrir Glaumbæ sem minja- og ferðamannastaðar, til næstu 10 ára.
10. Vinna að sýningum í Nýja-Bæ á Hólum og um sögu biskupanna í hátíðarsal Hólaskóla, með Hólarannsóknarfólki, vegna afmælishátíðar biskupsstólsins á Hólum.



## II Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga

Guðný Zoëga



*Fornleifadeildin tók að sér ýmis verkefni á árinu. Sú vinna fer oft fram utan alfararleiða og því reynist gott að hafa „skrifstofuna“ stundum fjórhjóladrifna. Hér er verið að skrá fornleifar á Hofshálsi í Vopnafirði.*

Fornleifafraeðingur hefur verið starfandi við Byggðasafnið allt frá 1998 og var megin viðfangsefni hans í upphafi skráning fornleifa í Skagafirði. Á árinu 2003 urðu kaflaskil í starfsemi safnsins með stofnun fornleifadeildar sem einbeitir sér að rannsóknum á sviði fornleifafraeði og menningarsögu í Skagafirði.

Fornleifadeildinni er ætlað að vera leiðandi í rannsóknum á fornleifum og öðrum menningarminjum í héraði, bæði með því að standa fyrir slíkum rannsóknum en einnig með því að starfa með öðrum. Deildin er sjálfstæð rannsóknar- og rekstrareining innan safnsins og getur því tekið að sér verkefni utan sveitarfélagsins svo sem fornleifaskráningar vegna skipulagsvinnu sveitarfélaga og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, fornleifakannanir vegna framkvæmda og neyðarránnóknir.

Góð samvinna er við Hólaránnóknina um samnýtingu starfsmanna, húsnaðis og búnaðar sem gefur aukna möguleika á rannsóknum og verkefnavali.

Hér verður tæpt á helstu verkefnum deildarinnar árið 2005.

### Starfsemi 2005

Fjölbreytt starfsemi var við fornleifadeild Byggðasafnsins og tóku starfsmenn hennar þátt í margvíslegum verkefnum bæði innan og utan héraðs.

Fornleifadeildin er til húsa í Minjahúsinu á Sauðárkróki en þar er ætlunina að verði aðstaða til rannsókna og forvörslu gripa auk þess sem þar munageymsla BSk.<sup>3</sup> Unnið er að því að koma upp rannsóknarstöðu sem mun gjörbreyta möguleikum fornleifarannsókna við Byggðafnið auk þess sem hún er mikilvæg fyrir allar rannsóknir safnsins ss munarannsóknir sem og forvörslu. Með aðstöðunni í Minjahúsinu auk þeirrar sérfræðiaðstöðu sem búið er að koma upp í tengslum við Hólarannsóknina á Hólum, er grundvöllur lagður að frekari og enn fjölbreyttari fornleifarannsóknum í Skagafirði.

Með kaupum á nákvæmu gps staðetningaræki var lagður grunnur að því að allar fornleifakráningar og rannsóknir deildarinnar verði unnar inn í landpplýsingaerfi. Slíkt hefur í för með sér mikla möguleika bæði við framsetningu efnis á kortum en einnig við alla eftirvinnslu og frekari notkun upplýsinga í hverskyns rannsóknum.



*Bryndís Zoëga skráir smalakofa vegna væntanlegrar vegagerðar í Hofsdal í Vopnafirði.*

### Starfsfólk

Tvær stöður voru á heilsársgrundvelli við deildina árið 2005 en aðrir starfsmenn voru verkefnaráðnir eftir þörfum. Einn starfsmaður er fastráðinn við deildina, Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, sem er deildarstjóri.

<sup>3</sup> BSk. skammstöfun fyrir Byggðasafn Skagfirðinga.

**Starfsmenn fornleifadeildar í einni stöðu á ársvísu voru:**

**Bryndís Zoëga**, landfræðingur, sem vann við skráningu fornleifa og **Guðmundur St. Sigurðarson**, heimspekingur og fornleifafræðinemi, sem vann við skráningu fornleifa og aðstoðaði við uppgröft á Öxnadalsheiði og í Finnstungu.

**Verkefnaráðnir starfsmenn:**

**Ragnheiður Traustadóttir**, fornleifafræðingur og framkvæmdastjóri Hólarannsóknarinnar, stjórnaði fornleifarannsóknum í Kolkuósi og Hólum auk þess sem hún stýrði fornleifaskráningum vegna deiliskipulags í Urriðaholti í Garðabæ og Hamarsbraut í Hafnarfirði fyrir deildina. Sjá heimasíðu Hólarannsóknarinnar: <http://holar.is/%7Eforneifar/>

**Anna Rut Guðmundsdóttir**, mannfræðingur og sérfræðingur í tölvumálum, sá um tölvuvinnslu í tengslum við rannsóknir á Hólum og Kolkuósi.

**Flemming Rieck**, fornleifafræðingur við Danska Þjóðminjasafnið, vann við fornleifauppgröft í Kolkuósi.

**Jörgen Dencker**, neðansjávarfornleifafræðingur við Víkingaskipssafnið í Hróarskeldu, vann við uppgröftinn í Kolkuósi.

**Kim Aaris Sørensen**, prófessor og sérfræðingur í dýrafræði við Dýrafræðisafn Kaupmannahafnarháskóla, greindi dýrabein úr uppgreftrinum í Kolkuósi og Keldudal.

**Jeppe Möhl**, sérfræðingur í forvörslu og dýrabeinafræði við Dýrafræðisafn Kaupmannahafnarháskóla, greindi dýrabeina úr uppgreftrinum í Kolkuósi og Keldudal.

**Knud Rosenlund**, sérfræðingur í dýrabeinafræði við Dýrafræðisafn Kaupmannahafnarháskóla, greindi dýrabeina úr uppgreftrinum í Kolkuósi og Keldudal.

**Magnus Hellqvist**, skordýrasérfræðingur frá Háskólanum í Falun í Svíþjóð, vann við sýnagreiningar frá Kolkuósi og Keldudal.

**Steve L. Martin**, plöntusérfræðingur frá UCLA, greindi plöntusýni frá Kolkuósi.

**Auður Blöndal** vann við fornleifaskráningu Steinsstaða við Hamarsbraut í Hafnarfirði.

**Sigríð Cecílie Juel Hansen**, fornleifafræðinemi, aðstoðaði við uppgröft í Kolkuósi.

**Angelos Parigoris**, fornleifafræðingur, vann við uppgröft í Kolkuósi.

**Morten Johansen**, sérfræðingur á Víkingaskipssafninu Árósum, vann við uppgröft í Kolkuósi.

**Styrkir**

**Kristnihátíðarsjóður** veitti 850 þús. kr. til áframhaldandi greiningar á mannabeinum úr kirkjugarði og kumlateigi í Keldudal.

**Fornleifasjóður** veitti 650 þús. kr. styrk til fornleifaskráninga á klausturjörðunum Reynistað og Þingeyrum.

**Fjárlaganefnd** veitti 5 millj. kr. styrk til fornleifarannsóknar á gamla verslunarstaðnum við Kolbeinsárós en þar hefur fornleifarannsókn nú staðið yfir í þrjú sumur.

**Rannís** (Rannsókn- og tækjasjóður) veitti 630 þús. kr. styrk til kaupa á Trimble pro gps staðsetningartæki.

Fornleifadeild Byggðasafnsins og Hólarannsóknin tengjast inn norrænt tengslanet sem svo kallast og fékkst til þess 9 milljón króna styrkur frá **Norfa** sem skiptist niður á þrjú ár frá 2004 að telja.

Hólarannsóknin, sem Byggðasafn Skagfirðinga ásamt Hólaskóla, Háskólanum á Hólum og Þjóðminjasafni Íslands fékk 11 millj. fjórða árið í röð frá **Kristnihátíðarsjóði**. Hólarannsóknin fékk einnig 1 millj. kr. styrk frá **Menntamálaráðuneytinu** til að vinna gagnagrunn fyrir forngripi sem kallaður er Greipur. Sjá: <http://holar.is/%7Eforneifar/Greipur/Greipur.htm> **Menntamálaráðuneytið** veitti Hólarannsókninni einnig 800 þús. kr. styrk til að halda vettvangsskóla fyrir fornleifafræðinema sumarið 2005

## Fornleifarannsóknir 2005

### *Hólarannsóknin*

Fornleifarannsókn að Hólum í Hjaltadal fór fram fjórða árið í röð en framkvæmdastjóri hennar er Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur.

Ógrynni nýrra upplýsinga um Hóla í Hjaltadal og nágrenni hefur komið fram og má nefna að mannvistarleifar allt frá landnámi hafa fundist undir öskuhaugi frá fyrstu tíð biskupsstólsins. Rannsókn sumarsins 2005 hefur bætt verulegu við þekkingu um hin ýmsu byggingaskeið prentsmiðjunnar, máþar nefna innviði hennar, kakelofna, flísalögð gólf og prentstafi (prentsátur) úr blýi og tré. Skýr mynd af húsakosti á Hólum á 16. til 18. öld er smám saman að koma í ljós, t.a.m. hús þar sem fundust um 400 textíll leifar í gólfum, smáperlur og gullþráður og gæti hafa verið saumastofa biskupanna, en hennar er hvergi getið í úttektum.

Hólarannsóknin er þverfagleg og sækir upplýsingar úr námum ýmissa fræðigreina og jafnframt fornleifarannsókninni er verið að vinna margskonar rannsóknir á rituðum heimildum, úttektum og handritum auk ýmissa rannsóknna á sviði náttúruvísinda svo sem dýrabeinafræði, skordýrafræði og plöntufræði. Um 40 manna hópur fornleifafræðinga, dýrabeinafræðinga, fornvistfræðinga, mannabeinafræðinga og nema í fornleifafræði kom að Hólarannsókninni og tengdum rannsóknnum árið 2005.

Ljóst er að fornleifar á Hólum eru botnlaus uppspretta rannsókna, ekki aðeins hvað snertir húsakost og hífýlahætti, heldur verða jarðfundnir munir og mannvirki skýr vitnisburður um gerðarþróun, verkþekkingu og verslunarleiðir, svo að fátt eitt sé nefnt. Í þessu efni eru miklir möguleikar fólgnir í samstarfi við unga fræðimenn sem hafa nýtt sér efnið við skrif lokaritgerða í háskóla. Á Hólum er auðugt og alþjóðlegt vísindasamfélag sem tekur þátt í uppbyggingu og eflingu íslenskrar fornleifafræði og árið 2005 voru reknir tveir vettvangsskólar í fornleifafræði í tengslum við rannsóknina.

### *Fornleifarannsókn í Kolkuósi*

Fjárlaganefnd Alþingis veitti 5 milljónum til fornleifarannsóknar að Kolkuósi árið 2005, en tengsl Hóla við Kolkuós verða stöðugt skýrari eftir því sem rannsóknum vindur fram á báðum stöðum. Fornleifauppgröftur við ósa Kolku, þar sem sjórinn malar af sjávarkambinn jafnt og þétt, hefur unnist í skorpum á undanförunum tveimur árum og þar hafa ótrúlega miklar og merkilegar upplýsingar komið fram, því engan óraði fyrir því fyrirfram að tanginn við Kolkuós væri svo ríkur af fornum mannvistarleifum sem raun ber vitni.

Komið hefur í ljós að fyrr á öldum voru aðstæður með þeim hætti við Kolkuós að skip gátu siglt mjög nálægt landi og lagst í var við Elínarhólma, sem til forna var landfastur á eiði sem nú er í um tveggja feta dýpi. Þetta var meginhöfn Skag-firðinga á Landnámsöld og fram á snemmmiðaldir og hefur örugglega ráðið úrslitum um það að Hólar í Hjaltadal urðu þéttbýl valdamiðstöð, biskupsstóll og fræðasetur. Við ósinn hafa fundist nokkrar kynslóðir verslunarbúða og vitnisburður um innflutning svo sem ávexti og korn. Smæstu agnir eru jafnmikilvægar og stærri leifar eins og gjall og eldstæði sem vitna um járnvinnslu á staðnum. Við ósinn hefur einnig fundist víkingaaldarminjar svo sem gröf heiðins manns og fórnardýrs, silfurpeningur, dýrabein, svo sem hundabein margra hundategunda og margt fleira. Í stuttu máli má segja að umsvif og verslun í Kolkuósi (Kolbeinsárósshöfn) voru mikil í um 500 ár.



*Skipalægi sunnan Elínarhólma við Kolkuós. Þarna er aðdjúpt og hefur verið nokkuð góð náttúruleg höfn fyrr á öldum.*

### **Fornleifauppgröftur í Glaumbæ**

Könnunaruppgröftur sem fór fram í Glaumbæ í sumar leiddi í ljós skála frá Víkingaöld. Rannsóknin fór fram í tengslum við bandarískan rannsóknarhóp frá UCLA sem hefur stundað jarðsjárrannsóknir í Skagafirði í nokkur ár. Douglas Bolender doktorsnemi í fornleifafræði við North Western University stjórnaði uppgröftrinum í sumar með aðstoð Guðnýjar Zoëga deildarstjóra fornleifadeildar BSk. Könnunin fór þannig fram að jarðvegi var flett ofan af veggjum skálans sem sást í jarðsjá sumarið 2002 og aftur og gleggri með nýjum tækjum nú í sumar. Könnunarskurður sem tekinn var þvert á skálann sumarið 2003 sýndi, svo ekki var um að villast, að þarna var mannbústaður sem virtist hafa farið í eyði stuttu fyrir aldamótin 1100, en auðþekkjanlegt ljóst öskulag frá Heklugosinu 1104 lá óhreyft yfir öllu svæðinu. Með því að fletta jarðvegi af svæðinu komu veggir skálans greinilega í ljós án þess að mikil skemmd yði unnin á mikilvægum mannvistarlögum svo sem gólflögum. Í ljós kom um 33 metra langt og um 8 m breitt langhús, og auk þess viðbyggingar sem kanna þarf betur. Tekin voru sýni úr öskuhaugnum sem verða efna- og aldursgreind. Þetta spennandi svæði bíður nú ákvarðana um framtíðarnýtingu, en það er á fáum stöðum á landinu jafn auðvelt að sýna fyrsta og síðasta stig í þúsund ára þróunarsögu íslenskra torfbæjanna.



*Yfirlitsmynd yfir skálatóftina í túninu neðan Glaumbæjar. Skálinn er um 33 m langur og 8 m breiddur. Veggir skálans eru afmarkaðir með hvítum og rauðum veifum á myndinni. Ljósm. D. Bolender.*

### **Kirkjugarður frá því fyrir 1104 í Finnstungu í Blöndudal**

Fornleifadeild BSk. var fengin til að gera fornleifakönnun fyrir Vegagerðina vegna nýrrar heimreiðar að bæjarstæði í Finnstungu í Blöndudal í Austur-Húnavatnssýslu. Teknir voru tveir könnunarskurðir til að áætla legu og stærð grafreits eða kirkjugarðs, en bein úr honum hafa verið að finnast við ýmiskonar framkvæmdir á staðnum. Í könnunarskurðunum fundust

órækar leifar um kirkjugarðinn, útlína einnar grafar og ein ungbarnagröf auk ummerkja um fleiri grafir. Að stofni til kann garðurinn að vera frá elstu tíð kristnidóms í landinu. Einnig fundust byggingaleifar sem líklega eru frá því fyrir 1104.

### ***Úrvinnsla og greining beina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi***

Byggðasafnið fékk úthlutað 850 þúsund frá Kristnihátíðarsjóði í desember 2005 til beinagreininga og sýnatöku úr mannabeinum er komu upp við uppgröft kirkjugarðsins og kumlsteigs í Keldudal, Hegranesi. Haldið var áfram við greiningar á beinagrindum úr garðinum og einnig var bætt við rannsókn á DNA sýnum úr tönnum nokkurra valinna beinagrinda. Tilgangurinn er að athuga hvar fólk þetta er upprunnið auk þess sem athuga á hvort hægt er að greina skyldleika fólks innbyrðis í garðinum, auk þess sem reynt verður að greina skyldleika milli þeirra sem í kirkjugarðinum liggja og kumlbúanna. Frumniðurstöður benda til að mikið sé af DNA í beinunum sem gerir þau áhugaverð til frekari rannsókna en oft er erfitt að ná DNA úr svo gömlum beinum, vegna slæmrar varðveislu.

### ***Fornleifarannsókn í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar***

Undanfarin þrjú sumur hefur Fornleifadeild BSk. tekið þátt í rannsóknum í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar. Nokkrir könnunarskurðir hafa verið teknir í inndölum Skagafjarðar á stöðum sem Hjalti Pálsson byggðasöguritari taldi sig hafa fundið fornbylí eða aðrar fornar minjar og hafa



þessir skurðir staðfest minjar á öllum þeim stöðum. Sumarið 2005 voru teknir könnunarskurðir í Austurdal og á Öxnadalsheiði. Grafnir voru skurðir á Öxnadalsheiði þar sem talið er að fornbylí Grund hafi legið. Uppgröfturinn gaf til kynna að þar hefði verið byggð allt frá því um eða fyrir 1300. Í Austurdal var grafið á þremur stöðum, Ófriðarstöðum, Fögrubrekku og þar sem talið var að bylíð Fagrahlíð kynni að hafa staðið. Á öllum þessu stöðum komu fram vísbendingar um byggð fyrir árið 1300.

*Könnunarskurður tekinn í túngarðsvegg á Ófriðarstöðum í Austurdal*

### **Fornleifaskráningar 2005**

Fornleifaskráningar eru fyrirferðamikill þáttur í starfsemi fornleifadeildarinnar og tók deildin að sér slík verkefni víðs vegar um landið.

### ***Fornleifaskráning í Skagafirði***

Gerð var heildarskráning fornleifa á tíu jörðum í Skagafirði. Voru það jarðirnar Geldingaholt, Holtskot og Garðhús á Geldingaholti og á Langholti

voru skráðir bæirnir Kjartansstaðir, Kjartansstaðakot, Marbæli, Holtsmúli með nýbýlum, Stóra-Gröf syðri og ytri, Litla-Gröf og Þröm. Auk þess var lokið við fornleifaskráningu jarðarinnar Sauðár (Sauðárkróks) og gefin út skýrsla um hana.



### ***Fornleifaskráning Reynistaðar og Þingeyra***

Fornleifaskráning var unnin á klausturjörðunum Reynistað og Þingeyrum, með styrk frá Fornleifasjóði.

*Guðmundur St. Sigurðarson við uppmælingu fornleifa að Þingeyrum, með gps staðsetningartæki sem hægt er að láta teikna upp rústir og veggi í þrívíðu formi ef vill og setja þær beint á loftmyndir.*

### ***Heimildaskráning fornleifa í Vopnafirði***

Byggðasafnið vann heimildavinnu vegna fornleifaskráningar í tengslum við skipulagsgerð á Vopnafirði.

### ***Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Steinsstaða í Hafnarfirði***

Fornleifaskráning var gerð á vegum safnsins vegna deiliskipulagsreitar á íbúðarlóð í Hafnarfirði.

### ***Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ***

Unnin var fornleifaskráning vegna deiliskipulags iðnaðar- og verslunarlóðar á Urriðaholti í Garðabæ.

### ***Fornleifaskráning á Suðurlandi***

Fornleifadeildin veitti, líkt og 2004, ráðgjöf og hafði faglega umsjón með fornleifaskráningum á vegum Byggðasafns Árnesinga. Fjórir fornleifafræðinemar unnu við skráningu fornleifa hjá Fornleifadeildar Byggðasafns Árnesinga og tveir þeirra hafa nú útskrifast sem fornleifafræðingar. Töluverð starfsemi fer nú fram á Fornleifadeild BÁrn. og væntir Fornleifadeild BSk. mikils af samvinnu milli safnanna á sviði fornleifafræði. Fornleifadeild BSk. var meðhöfundur að fimm skýrslum sem gefnar voru út á árinu í tengslum bæði vegna vinnu við aðal- og deiliskipulag Árborgar og nágrennis.

### ***Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda***

Fornleifadeildin vann tvö verkefni í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegaframkvæmda. Það fyrra var fornleifaskráning vegna mats á umhverfis-



áhrifum vegagerðar í Vopnafirði en það síðara fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrutafjarðar.

### Framkvæmdaefirlit

#### *Hitaveituframkvæmdir í Akrahreppi*

Byggðasafnið var fengið til að fara með eftirlit vegna hitaveituframkvæmda í Akrahreppi en þar höfðu komið upp mannvistarleifar frá elstu tíð í hitaveituskurði á Stóru-Ökrum. Eftirlitið var framkvæmt samhliða því sem hitaveituskurðirnir voru grafnir og fór það fram á tímabilinu september fram í miðjan desember. Við eftirlitið komu í ljós leifar forn- rarr byggðar allt frá um og fyrir 1000 á Stóru-Ökrum, leifar bæjarstæðis frá því um 1300 á Höskuldsstöðum.



*Skurðgröftur vegna lagningar hitaveitu í Akrahreppi. Skurðirnir voru gengnir og komu þá ýmis merki fornarr byggðar í ljós.*

Einnig fundust leifar húsa undir öskulagi frá 1104 á Þorleifsstöðum. Einnig kom í ljós öskuhaugur í svokölluðu Hellusundi en hann mun líklega tengjast býlinu Hellu sem stóð á þessum slóðum. Ekki var unnt að ákvarða aldur hans.

### Norrænt tengslanet

Fornleifadeild Byggðasafnsins og Hólarannsóknin eru þátttakendur í norrænu tengslaneti sem ber heitið Kultur- og Miljöhistoria í Nordisk vikingatid og medeltid. Fjöl margar norrænar háskóla- og rannsóknarstofnanir koma að verkefningu og er því skipt niður í tíu vinnuhópa. Verkefnisstjóri er Dr Magnus Hellqvist lektor í Höskolan í Dalarna og leiðir hann stýrihóp verkefnisins. Ragnheiður Traustadóttir og Guðný Zoëga eru þátttakendur í stýrihópnum fyrir hönd Hólarannsóknar og Byggðasafnsins.

Verkefni tengslanetsins er að halda ráðstefnur á vegum Hólaskóla og Hólarannsóknarinnar og fundi verkefnisstjórna í hinum mismunandi þáttökulöndum. Snar þáttur í ráðstefnunum eru vettvangsferðir. Meðal annarra viðfangsefna er að gefa háskólanemum á rannsóknarstigi og stúdentum tækifæri til að starfa á vettvangi, gera gagnagrunn á Netinu og glæða útgáfustarfsemi.

Tilgangurinn er að mynda þverfagleg tengsl og samvinnu innan Norðurlanda á sviði fornleifafræði, sagnfræði og umhverfissögu. Samnefnarinn er öðru fremur sameiginleg menningarsaga sem tengir norrænu ríkin, en

einnig sameiginleg umhverfissaga. Ísland er mikilvægur öxull þessa samstarfs og Hólarannsóknin sjálfsagður vettvangur.

Árið 2005 var haldinn fundur í verkefnisstjórninni í Árósum í Danmörku og ráðstefna var í ágúst á Hólum þar sem saman komu fornleifafræðingar, íslenskir og erlendir til að kynna og ræða verkefni sumarsins. Í nóvember var haldin vinnusmiðja “workshop” í Osló þar sem 30 aðilar innan netverksins komu saman til að ræða þverfaglega aðferðafræði og notkun hennar innan íslenskrar fornleifafræði. Auk framkvæmdastjóra Hólarannsóknarinnar tóku safnstjóri og deildarstjóri fornleifadeildar BSk þátt í vinnusmiðjunni. Í ágúst 2006 er svo ætlunin að haldin verði stór alþjóðleg fornleifafræðiráðstefna á Hólum í Hjaltadal á vegum norræna netverksins.

### **Kynning og miðlun**

Mikilvægur þáttur í starfsemi fornleifadeildarinnar er kynning og miðlun á þeim rannsóknarniðurstöðum sem til verða við rannsóknir tengdar deildinni. Kennsla, fyrirlestrar og útgáfa skýrsla og rannsóknarrita eru mikilvægir þættir í starfsemi Byggðasafnsins. Fornleifarannsóknir í Skagafirði og aðrar rannsóknir og verkefni sem deildin tengist utan héraðs hafa auk þess hlotið umfjöllun í hinum ýmsu fjölmiðlum.

### **Kennsla og fyrirlestrar á vegum fornleifadeildar**

Deildarstjóri fornleifadeildar hélt fyrirlestur um beinarannsóknir á beinum frá Keldudal á ráðstefnu til heiðurs prófessor Jóni Steffensen og á námskeiði á vegum Háskólans á Hólum fyrir nemendur frá Guelph háskóla í Kanada.

Sumarið 2004 voru haldin tvö vettvangsnámskeið annað á vegum Háskólans á Hólum, Háskóla Íslands og það síðara á vegum fyrrgreindra háskóla og Oslóarháskóla. Þetta var þriðja sumarið sem vettvangsnám fór fram í tengslum við Hólarannsóknina en í fyrsta skipti sem að haldið er sérstakt námskeið fyrir nemendur sem stunda nám í fornleifafræði við Oslóarháskóla. Alls tóku þátt í námskeiðunum 9 íslenskir fornleifafræðinemar og 14 norskir.

Námskeiðið fólst í ítarlegri kynningu á starfsháttum fornleifafræðinga, aðferðum við fornleifagröft á Íslandi, söfnun og úrvinnslu rannsóknargagna, forvörslu og skráningu menningarminja. Takmarkið með kennslunni er að miðla til nemenda þekkingu á sem flestum sviðum fornleifarannsóknar og gefa þeim kost á að spreyta sig á ýmsum þáttum hennar.

Námskeiðið fór fram á vettvangi fornleifarannsóknarinnar á Hólum og víðar í Skagafirði. Nemendurnir spreyttu sig á fornleifauppgrefti og því sem honum tengist, s.s. teikningu, uppmælingu, skráningu og ljósmyndun, tóku sýna og úrvinnslu gagna á vettvangi og frágangi þeirra. Þeir fengu einnig eftir atvikum að reyna sig við heimildasöfnun vegna skráningar fornleifa, skráningu og skýrslugerð.

Á námskeiðinu voru eftirtaldir kennarar með fyrirlestra og sáu um einstaka sérhæfða þætti verknámsins: Ragnheiður Traustadóttir fornleifafraeðingur, Daniel Rhodes fornleifafraeðingur, Magnus Hellqvist skordýrasérfræðingur, Guðný Zoëga fornleifa- og mannabeinafraeðingur, Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur, Steve L. Martin plöntusérfræðingur, Þór Hjaltalín sagnfræðingur og Margrét Ásta Kristinsdóttir líffræðingur og sérfræðingur hjá réttar-meinafræðideild Kaupmannahafnarháskóla.



*Nemendur sem taka þátt í vettvansnámskeiðunum fá tækifæri til að spreyta sig við hin ýmsu verkefni fornleifafraeðinnar, ss. fornleifaskráningu og -uppgröft.*

### Sýningar

Í sumar var sett upp lítil sýning (kynning) í Minjahúsinu á Sauðárkróki með gripum úr Hólarannsókn og Keldudal auk þess sem sýning var Hólum á ýmsum gripum sem komið hafa upp við Hólarannsóknina. Gripir frá báðum rannsóknunum voru svo sýndir á sýningu í Þjóðmenningarhúsinu í tengslum við síðustu úthlutun úr Kristnihátíðarsjóði í desember.

### Útgáfa

Átta skýrslur frá fornleifadeildinni komu út í rannsóknaskýrsluröð Byggðasafnsins og má segja að þær sýni þversnið af þeirri starfsemi sem fram fer á vegum fornleifadeildarinnar.

### Skýrslur sem Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga gaf út 2005:

*Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Gardabæ.*  
Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, febrúar (2005/40).

**Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning.** Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí (2005/41).

**Sauðá í Borgarsveit.** Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní (2005/42).

**Steinsstaðir í Hafnarfirði / Hamarsbraut 17.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst (2005/43).

**Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrutafjarðar.** Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir. Október (2005/44).

**Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.** Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september (2005/45).

**Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi.** Guðný Zoëga, október (2005/46).

**Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði.** Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember (2005/47).

**Skýrslur gefnar út í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga 2005:**

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Nýjabæjar.** Edda Linn Rise, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga, apríl (2005/1).

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Lækjamóta í Árborg.** Edda Linn Rise og Guðný Zoëga, maí.2005/1

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Reyðarvatns.** Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga, júní (2005/3).

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Efra-Langholts.** Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga, júní (2005/4).

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Hafnargötu á Stokkseyri.** Edda Linn Rise, Guðlaug Vilbogadóttir, júlí (2005/5).

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Eystra-Íragerðis.** Margrét H. Hallmundardóttir og Guðný Zoëga, ágúst (2005/6).

### **Verkefni framundan**

Ekki er ástæða til annars en að ætla að áframhaldandi vöxtur verði í rannsóknarstarfsemi og verkefnum fornleifadeildarinnar á komandi ári. Fjölmörg verkefni eru framundan nú þegar og má þar nefna Hólarannsóknina, fornleifarannsóknina við Kolkuós, vettvangsskóla fornleifafræðinema, áframhaldandi fornleifaskráningu í Skagafirði, úrvinnslu gagna úr uppgröftum tengdum Byggðasögunni, þátttaka í norrænu tengslaneti og undirbúningur vegna sýninga, ráðstefnu og annarra atburða á vegum Hólarannsóknarinnar á 900 ára afmæli Hólaskóla og biskupsstólsins.

Styrkur fékkst frá Kristnihátíðarsjóði til greiningar DNA úr tönnum beinagrinda úr kirkjugarði og kumlateigi í Keldudal. Verkefnið hófst í september 2005 og er samstarfsverkefni Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga og Réttarmeinafræðistofnunar Hafnarháskóla og mun ljúka árið 2006. Einnig mun koma út lokaskýrsla um uppgröftinn í Keldudal og lokaskýrsla vegna rannsókna á beinum frá Keldudal.

Stefnt er að því á árinu 2006 að bæta aðstöðu fyrir Fornleifadeildina með tækjum og öðrum rannsóknabúnaði, s.s. teikniforritum, eldvörðum skjala-skápum, -hirslum, frysti- og kæligeymslum, ofl. svo sem framst verður kostur.